

Austræn dulfræði og vestræn vísindi.

Í skemtilegri grein í Lesbók Mbl. 28/4, um indversk vísindi, get ur höfundurinn, J. Rodrigues, bess að hann hafi sjeð indverskan Yogi verá með höfuðið í kafi í 7 minútur, eða miklu lengri tíma en vanalegir menn geta haldið í sjer andamum; en Indverjanum virtist þetta auðvelt.

Hjer mun koma til greina, það sem dulfræðingar nefna innri öndun, og þekkist einnig í Evrópu; menn geta sjer að skaðlausu verið án þess að anda, langt um fram það, sem vanalega mundi nægja til köfnunar. Skýringin er sú, að þessir menn njóta góðs af öndum einhvers annars, vegna þess að orku- eða magnanarsamband er á milli. Á sama hátt verður að skýra það þegar verið er mjög lengi án matar og drykkjar, og sakar þó ekki. Therese Neumann í Konnersreuth, sem svo mikið hefir verið um ritáð, hefir hvorki neytt matar nje drykkjar svo árum skiftir — árin munu vera orðin 4 eða 5 — og er þó ekki annað að

sjá, en að hún hafi fulla næringu. Mörg slík dæmi eru kunn, og hefir sumit þesskonar fólk verið undir læknishendi lengi. Þetta má skyra með því að gera ráð fyrir sambandi við magnandi veru. Líkami þess, sem hvorki etur nje drekkur, en heldur þó holdum og heilsu, fær með lífgeislun frá magnandi veru eða verum, það sem hann þarf til að byggja upp aftur það, sem tapast við lífsstarfið.

Þjálfun himna austrænu töfрамanna eða dulspekinga, miðar mest að því, að ná sambandi við magnandi veru eða verur, og er það af ýmsum ástæðum miklu auðveldara í Austurlöndum en hjer vesturfrá. En rangt virðist mjer að tala um austræn vísindi í þessum efnum; dulspekingarnir byggja á ýmsum fornum reynslusetningum, en eru eiginlega ekki komnir á vísindastigið; því að ef svo væri, mundi vera um stöðugar framsarır að ræða, og vísindi þessi mundu

hafa mjög miklu meiri áhrif til að umbæta alt mannlíf austur þar en verið hefir. Það er alveg óhætt að segja það fyrir, að það verður hjer á Vesturlöndum sem hin vísindalega lífaflfræði — biodynamik — verður sköpuð, og að þau vísindi munu verða mjög áhrifarík. Þegar t. d. læknisfræðin getur stuðst við slík vísindi, verður hægt að endurnýja heila líkamshluta ef þeir skemmast eða tapast, og allan líkemann má hressa við, þegar ellin fer að spilla honum; geta má þess að professor J. B. S. Haldane, einn af þekstu lífeðlisfræðingum samtíðarinnar, telur líklegt að uppgötvanir sem miða í þessa átt, muni verða gerðar á næstu 10 árum. Með tilstyrk hinna nýju vísinda munu verða mjög miklar framfarir í jurtarækt og í sambandi við það, mun mataræði verða mjög frábrugðið því, sem nú er, og auðveldara miklu að afla fæðunnar. Mun þá ekki eins og nú er, verða ókleift, að allir eigi kost þess besta sem mannfjelagið getur framleitt.

Hinar magnandi verur, sem nauðsyn er á að fá samband við til þess að framfarir þær sem vikið hefir verið á, geti orðið, eiga heima á öðrum jarðstjörnum, og hefir mannkynið fyrir löngu fundið til nauðsynjarinnar á slíku sambandi, þó að hugmyndirnar um hinar magnandi verurhafi verið mjög ófullkomnar. Og eins og jeg hefi oftar en einu sinni drepið á, þá gætu Íslendingar, þó að fáir sje og afskektir, orðið öðrum þjóðum til fyrirmynðar í þessu svo afarþýðingarmikla máli, með því að koma upp hinni fyrstu sambandsstöð, sem reist væri á vísindalegum grundvelli og að fullu gagni gæti orðið. Mun þegar verða mikil breyting til batnaðar á högum þjóðarinnar, er hún hefir af alvöru snúið sjer að þessu máli. En verði því ekki sint, þá mun illa fara.

Helgi Pjeturss.